



## Hótelmarkaðurinn stækkar hratt á Suðurnesjum

Fjöldi gistinguáttanna erlendra ferðamanna á heilsárshótelum nam 426 þúsund í ágúst og jókst um 3,3% frá sama tímabili í fyrra. Það er örlítið meiri aukning á 12 mánaða grundvelli en í júlí þegar aukningin nam 1,4%. Gistinguóttum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 2,2% í ágúst eftir 1,7% samdrátt í júlí. Það svæði sem sker sig mest úr eru Suðurnes en þar jókst fjöldi gistinguáttanna um 41% í ágúst sem er vel að merkja minnsti vöxturinn á því svæði það sem af er ári. Fyrir utan Suðurnes var aukningin mest á Vesturlandi (12,3%) og Suðurlandi (4,6%).


### Gistimarkaðurinn stækkar langhraðast á Suðurnesjum

Hótelgistimarkaðurinn hefur stækkað hratt á Suðurnesjum á síðustu árum. Frá því uppsveiflan í ferðapjónustu hófst árið 2011 hefur fjöldi gistinguáttanna á hótélum á Suðurnesjum aukist um 470% og hefur aukningin hvergi verið hlutfallslega meiri. Næstmesta aukningin var á Austurlandi á þessu tímabil eða rúmlega 400%. Þegar þessi svæði eru borin saman það sem af er þessu ári kemur í ljós að á fyrstu 8 mánuðum ársins jókst fjöldi gistinguáttanna á Suðurnesjum um 79% en milli sömu tímabila var um að ræða 0,8% samdrátt á Austurlandi. Sé horft til fyrstu 8 mánaða ársins skera Suðurnes sig verulega frá öðrum svæðum landsins en næstmesta aukningin í fjölda gistinguáttanna var á Suðurlandi þar sem aukningin nam 27%.

### Suðurnesin njóta góðs af nálægð við millilandaflugstöð


Suðurnesin njóta augljóslega góðs af nálægð sinni við Leifstöð og er herbergjanýting þar hvergi betri á landinu að undanskildu höfuðborgarsvæðinu. Þannig hefur herbergjanýting á Suðurnesjum legið á bilinu 64-90% á fyrstu 8 mánuðum ársins en til samanburðar var nýtingin á bilinu 71-96% á höfuðborgarsvæðinu. Frá árinu 2010 hefur framboð hótélherbergja á Suðurnesjum vaxið úr 210 herbergjum upp í 587 herbergi eða um 180%.

### Fjölgun gistinguáttanna á hótélum í ágúst




Fjölgun gistinguáttanna erlendra ferðamanna milli ágúst á þessu ári og sama mánuði í fyrra  
Heimild: Hagstofa Íslands

### Fjölgun gistinguáttanna á hótélum 2017



Fyrstu 8 mánuðir ársins borið saman við sama tímabil í fyrra  
Heimild: Hagstofa Íslands

### Fjölgun hótélherbergja 2010-2017



Miðað við fyrstu 8 mánuði hvers árs  
Heimild: Hagstofa Íslands




Aukningin hefur þó verið hlutfallslega meiri á Austurlandi á þessu tímabili, eða rúm 200%, en þar hefur fjöldi herbergja hins vegar aukist um 271 herbergi borið saman við 376 herbergja aukningu á Suðurnesjum. Árið 2010 voru skráð 5 hótél á Suðurnesjum og var hvert hótél því með að meðaltali 42 herbergi. Á þessu ári eru hótelin um 11 talsins og meðalstærð hótels 53 herbergi en hótelum hefur fjölgað um 3 síðan í fyrra. Meðalstærð hótela er þó langsamlega mest á höfuðborgarsvæðinu en þar var meðalherbergjafjöldi 91 herbergi á þessu ári.

### **Hægt hefur verulega á fjölgun gistinátta á hótelum yfir landið**


Nokkuð hefur hægt á fjölgun gistinátta á 12 mánaða grundvelli að undanförunu og má segja að sú þróun hafi hafist í maí síðastliðnum en þá mældist vöxturinn yfir landið í heild 6,8%. Það var minnsti vöxtur sem mælt hafði síðan yfir sumarmánuðina árið 2014. Í janúar til apríl á þessu ári mældist vöxturinn hins vegar á bilinu 18 til 51%. Um 63% af öllum seldum gistinóttum á landinu eru á höfuðborgarsvæðinu sem gerir það að langstærsta markaðssvæði landsins. Næststærsti markaðurinn er Suðurland með tæp 18% og Suðurnes með tæp 7%. Allar breytingar í heildarfjölda gistinátta á landinu eru því töluvert háðar fjölgun gistinátta á höfuðborgarsvæðinu. Þessa litla fjölgun gistinátta í maí yfir landið í heild má helst rekja til þess að samdráttur varð í fjölda gistinátta á höfuðborgarsvæðinu í maí en það er fyrsti samdrátturinn síðan í september 2013. Einnig varð fækkun á 12 mánaða grundvelli í júlí en smávægileg aukning í bæði júní og ágúst. Þessi þróun hefur leitt til þess að herbergjanýting á höfuðborgarsvæðinu hefur verið verri í öllum mánuðunum maí, júní, júlí og ágúst en sömu mánuði í fyrra. Nýtingin er samt sem áður mjög góð og með því besta sem þekkist erlendis. Þannig lá nýtingin á bilinu 79-97% á tímabilinu maí til ágúst.

**Hlutdeild svæða í heildarfjölda gistinátta**



Miðað við síðustu 12 mánuði  
Heimild: Hagstofa Íslands

**Herbergjanýting á höfuðborgarsvæðinu**



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.